



HRUNAMANNAREPPUR

17. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 10. FUNDUR ÁRSINS

VERÐUR HALDINN FIMMTUDAGINN 10. OKTÓBER

2019 KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2019, þann 10. október kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að taka fyrir tvö mál, fundargerð NOS frá 8. október s.l. og skipun fulltrúa á aðalfund Bergrisans bs. D-listi óskar eftir því að leggja fram aukagögn undir lið 23. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindin og gögnin fram.

Erindi til sveitarstjórnar:

- 1. Héraðsskjalasafn Árnesinga: Persónuverndarfulltrúi.**
Oddviti fór yfir stöðu varðandi ósk Hrunamannahrepps um ráðningu persónuverndarfulltrúa fyrir sveitarfélagið í Héraðsskjalasafni Árnesinga.
- 2. Umsjónarmaður gámasvæðis og starfsmaður áhaldahúss. Starfslýsing.**
Oddviti kynnti starfslýsingu fyrir umsjónarmanns gámasvæðis og starfsmann áhaldahúss. Hlutverk hans er að sinna gámasvæðinu á Flúðum, grenndarsvæðum, úrgangsmálum og sinna almennum upplýsinga- og fræðslumálum sem varða málaflokkinn. Sveitarstjórn samþykkir að starfsheiti viðkomandi verði „umsjónarmaður gámasvæðis og umhverfismála“ og heyri undir sveitarstjóra. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að aðlaga starfslýsingu að þessari breytingu og auglýsa eftir starfsmanni í starfið.
- 3. Þjónustufulltrúi seyruverkefnis: Starfslýsing.**
Oddviti kynnti starfslýsingu fyrir þjónustufulltrúa seyruverkefnis. Sveitarstjórn samþykkir að auglýst verði eftir starfsmanni seyruverkefnis á grundvelli starfslýsingar og áætlaðs kostnaðar. Jafnframt er gerð tillaga um kostnaðarskiptingu starfsmannsins og að uppgjör seyruverkefnisins verði að hluta verði skipt að jöfnu milli aðildarsveitarfélaganna sem sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti. Uppfæra þarf samning sveitarfélaganna um verkefnið og vísar sveitarstjórn nánari útfærslu á því til oddvitanefndar Uppsveita.
- 4. Ungmennaráð Hrunamannahrepps 2019-2020: Tilnefningar.**
Oddviti kynnti tilnefningar í ungmennaráð Hrunamannahrepps. Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd skipaði í ungmennaráð Hrunamannahrepps sem aðalmenn þau Nóa Mar Jónsson og Hjörnýju Karlsdóttur til tveggja ára og Unu Bóel Jónsdóttur til eins árs en til vara þau Helgu Margréti Óskarsdóttur til tveggja ára og Ragnheiði Guðjónsdóttur til eins árs. Þá hefur félagsmiðstöðin Zero skipað sem fulltrúa sinn í ungmennaráðið Guðrúnu Huldu Hauksdóttur og til vara Sonju Ýr Benediktsdóttur. Einnig hefur nemendaráð Flúðaskóla skipað fulltrúa sinn í ráðið Óskar Snorra Óskarsson og til vara Valdísi Unu Guðmannsdóttur. Sveitarstjórn staðfestir skipun í ungmennaráð Hrunamannahrepps.
- 5. Refaveiði 2019.**
Oddviti kynnti skýrslu ráðinna refaveiðimanna um refaveiði fyrir síðasta ár. Sveitarstjórn þakkar veiðimönnum fyrir góða veiði og vinnu síðustu árin.
- 6. Umsókn um lóðina Miðhof 2-4.**
Oddviti kynnti umsókn frá Murneyri ehf um lóðirnar við Miðhof 2 og 4 á Flúðum með þeim skilyrðum að í stað tveggja einbýlishúsalóða verði lóðunum breytt þannig að þær verði sameinaðar og byggt þriggja íbúða raðhús á henni í samræmi við meðfylgjandi teikningar. Sveitarstjórn samþykkir að úthluta lóðunum til Murneyri ehf að gefnum þessum forsendum með þeim fyrirvara að viðeigandi breytingar á deiliskipulagi gangi eftir.

7. **Miðhof 2-4: Deiliskipulagsbreyting.**
Lögð var fram tillaga Landforms dags. 1. október 2019 að breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Hofatún á Flúðum í Hrunamannahreppi. Breytingin fellst í að tveimur lóðum innan deiliskipulagsins, Miðhofi 2 og 4, er breytt úr tveimur einbýlishúsalóðum í eina þriggja íbúða raðhúsalóð sem fær heitið Miðhof 4a-c. Lóðin Miðhof 2 fellur þar af leiðandi niður.
Sveitarstjórn samþykkir tillöguna sem óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að tillagan verði grenndarkynnt skv. 1. mgr. 44. gr. sömu laga. Að loknu ferli grenndarkynningar er skipulagsfulltrúa falið að senda deiliskipulagsbreytinguna á Skipulagsstofnun til varðveislu og auglýsa breytinguna í B-deild stjórnartíðinda.
8. **SASS: Svæðisskipulag fyrir Suðrhálendið.**
Oddviti kynnti undirbúningsvinnu við svæðisskipulag fyrir Suðrhálendið. Sveitarstjórn samþykkir að farið verði í að vinna svæðisskipulag fyrir Suðrhálendið. Sveitarstjórn skipar eftirtalda aðila sem aðalmenn í starfshóp um svæðisskipulagsvinnuna: Halldóru Hjörleifsdóttur og Jón Bjarnason og til vara Kolbrúnu Haraldsdóttur og Bjarneyju Vignisdóttur. Sveitarstjórn heimilar SASS að ganga til samninga við Eflu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.
9. **Loftmyndir: Endurnýjun á þjónustusamningi um viðhald á landfræðilegum gögnum.**
Oddviti kynnti endurnýjun á þjónustusamningi milli Loftmynda ehf og aðildarsveitarfélaga UTUs. Meginbreytingin felur í sér að kortagrunnur fyrir hálandið fellur nú einnig undir samninginn. Gert er ráð fyrir að árlegur kostnaður Hrunamannahrepps sé kr. 578.000 auk VSK. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra eða oddvita að undirrita hann.
10. **Jafnlaunavottun: Undirbúningur.**
Oddviti kynnti undirbúning vinnu við jafnlaunavottun. Gert er ráð fyrir að undirbúningsvinna hefjist í nóvember.
11. **Drög að sóknaráætlun Suðurlands 2020 til 2024: Samráðsgátt.**
Oddviti kynnti drög að sóknaráætlun Suðurlands frá SASS sem liggur fyrir í samráðsgátt stjórnvalda.
12. **Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga. Samráðsgátt.**
Oddviti kynnti tillögu að þingsályktun frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu sem liggur fyrir í samráðsgátt stjórnvalda um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga.
13. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á þunglyndi meðal eldri borgara.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á þunglyndi meðal eldri borgara. Sveitarstjórn vísar málinu til öldungaráðs til kynningar.
14. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsögn um frumvarps til laga um skráningu einstaklinga.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um skráningu einstaklinga.
15. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla. Sveitarstjórn vísar málinu til skólanefndar til kynningar.
16. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt.
Sveitarstjórn fagnar því að frumvarp um endurgreiðslu virðisaukaskatts af fráveituframkvæmdum sveitarfélaga hafi verið lagt fram og hvetur til þess að það verði samþykkt. Um brýnt hagsmunamál allra sveitarfélaga er að ræða og óeðlilegt að ríkið hafi beinar tekjur af aðgerðum sveitarfélaga sem miða að vernd umhverfis og náttúru. Mörg sveitarfélög þurfa að ráðast í verulega kostnaðarsamar framkvæmdir vegna fráveitumála. Ríkið getur stuðlað að

uppbyggingu hreinsimannvirkja og úrbótum í fráveitumálum þar sem þörf er á með því að taka upp að nýju endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna fráveituframkvæmda. Mestar framfarir í fráveitumálum urðu á þeim tíma sem slíkt endurgreiðslukerfi var í gildi.

17. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir til hagkvæmra háhraða fjarskiptaneta.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um ráðstafanir til hagkvæmra háhraða fjarskiptaneta.

18. Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2020.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2020.

Sveitarstjórn tekur undir áhyggjur Sambands íslenskra sveitarfélaga um upptöku urðunarskatts og ráðstöfun hans. Tryggja þarf að sveitarfélögunum vinnist tími til að finna úrræði fyrir þá úrgangsflokka sem um ræðir. Tryggja þarf síðan að brennsla dýrahraða og óvirkur úrgangur verði að vera undanþegin þessum skatti enda ekki önnur úrræði í boði.

19. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: Umsögn um frumvarp til laga um tekjustofnasveitarfélaga og sveitarstjórnarlaga. Samráðsgátt.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga og sveitarstjórnarlaga.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

20. Skólanefnd: Fundargerð 7. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 5. september s.l

Oddviti kynnti fundargerð 7. fundar skólanefndar vegna Undralands. Farið var yfir skýrslu skólastjóra, kynnt jafnréttisáætlun 2019-2022, farið yfir gátlista og rekstraryfirlit 2019. Þá voru umræður um loftgæði í skólanum, tillögur til úrbóta og síðan rætt um stöðugildi og starfskraftaþörf. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

21. Skólanefnd: Fundargerð 7. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 5. september s.l

Oddviti kynnti fundargerð 7. fundar skólanefndar vegna Flúðaskóla. Farið var yfir gátlista, farið yfir bókun sveitarstjórnar vegna reglna um öikumenn, nýting millilofts í íþróttahúsi og kynningarmál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

22. Vinnuhópur um könnun á uppbyggingu hjúkrunarheimilis: Fundargerð 3. fundar frá 2. september s.l.

Oddviti kynnti fundargerð vinnuhóps um uppbyggingu hjúkrunarheimilis. Þar fóru m.a. almennar umræður um málið og ákveðið að beina þeirri spurningu til sveitarstjórnar hvort nægilega stór lóð sé til undir hjúkrunarheimili og þjónustuíbúðir. Sveitarstjórn telur að komi til þess að valið verði að byggja upp hjúkrunarheimili á Flúðum þá séu til lóðir undir starfseminu, t.d. við Laxárhlið.

23. Veitustjórn: Fundargerð 9. fundar frá 26. september s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 9. fundar frá 26. september s.l. Kynntar voru umsóknir um kalt vatn að Kópsvatni og tveggja húsa úr landi Reykjahlíðar á Skeiðum og þær samþykktar. Fjallað var um endurnýjun á tækjabíl hitaveitunnar og meiri hluti veitustjórnar samþykkti að endurnýja bifreiðina. Farið var yfir fundargerð fundar vegna vatnsveitumála með Bláskógabyggð og nágrennasveitarfélögum þar sem samþykkt var að skipa veitustjóra í starfshóp um forvinnu vegna verkefnisins. Þá var farið yfir kaldavatnsnotkun sumarsins og lögð fram 8 mánaða uppgjör Hitaveitu Flúða og stöðuyfirlit rekstar fyrir vatnsveitu, fráveitu og Hrunaljós. Þá fór veitustjóri yfir framkvæmdir sumarsins.

D-listi vill koma eftirfarandi á framfæri vegna 3. liðar í fundargerð veitustjórnar. Teljum við að betur hefði mátt standa að málum. Við leitum fleiri tilboða í nýjar bifreiðar fyrir Hitaveitu Flúða. Þar kemur skýrt fram að ekki hafi verið leitað eftir hagstæðustu tilboðum sem völ er á í dag. Miðað við sambærilega bifreið hefði verið hægt að spara frá 2 til 3 milljónum króna. Þetta teljum við alls ekki rétta forgangsröðun og bruðl á opinberu fé. Þarna kom bersýnilega í ljós fljótfærni og óöguð stjórnsýsla. Þetta fjármagn hefði verið betur nýtt til að þjónusta íbúa betur eða lækka gjaldskrár. Hitaveitan er auðlind sem við öll eigum og verðum við að fara vel með þær tekjur sem af henni hlýst. Vonumst við til að þessi bókun verði

til þess að bætt verði úr vinnubrögðum stjórnarsýslunnar í Hrunamannahreppi. Við hörmum það að meirihluti sveitarstjórnar taki ekki undir þessa bókun okkar og trúum ekki öðru en að innst inni séu þau sammála okkur.

Varðandi 3. lið fundargerðar vill H-listinn taka það fram að búið er að skoða með kaup á bifreiðum. Málið er búið að vera í vinnslu hjá veitustjórn síðan í vor. Hitaveitan þarf að hafa bíl sem býr yfir mikilli dráttar- og burðargetu til að geta sinnt þeim verkefnum sem liggja fyrir. Hitaveita Flúða er í sífelldri uppbyggingu og notendagjöld með þeim lægstu á landinu. Þess má einnig geta að fyrirtæki með sambærilega starfsemi og hitaveitan, eru að velja að kaupa þessa tegund bifreiða. Varðandi umhverfisstefnu sem minnst er á í bókun D-lista og óháðra í fundargerð veitustjórnar þá er það því miður svo að í dag er ekki til bíll hér á landi, með þá notkunarmöguleika sem þarf, með öðrum aflagjafa en jarðefnaeldsneyti. Ford 350 skilur ekki eftir sig meira kolefnisspor en sambærilegir bílar.

Sveitarstjórn leggur til að sveitarstjóri starfi með vinnuhópi vegna skoðunar með sameiginlegri vatnsveitu í Uppsveitum og Flóa.

24. Umhverfisnefnd: Fundargerð 7. fundar frá 24. september s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 7. fundar umhverfisnefndar. Farið var yfir starfslýsingu starfsmanns gámasvæðis og umhverfismál og lagt til að ráðinn verði starfsmaður í starfið. Þá var farið yfir vinnu við að deiluskipuleggja gámasvæðið á Flúðum, kynnt drög að stefnu umhverfisráðherra í úrgangsmálum og skoðuð staða átaksins „Hreint Suðurland“ sem fer fram á vegum HES. Þá var fjallað um átak við hreinsun á kerfli og asparhreinsun með þjóðveginum. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

25. Öldungaráð: Fundargerð 12. fundar frá 23. september s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 12. fundar Öldungaráðs. Byrjað var á kosningum þar sem Edda V. Guðmundsdóttir var kosinn formaður, Anna Ipsen sem ritari en Þröstur Jónsson er áfram varaformaður. Þá var samþykkt að Anna Ipsen verði fulltrúi í heilsueflandi samfélagi. Þá var rætt um fundartíma, afsláttarviðmið vegna fasteignagjalda eldri borgara, lagt fram upplýsingarblað með tengiliðum, fund með félagi eldri borgara og rætt um meðferð annarra mála. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:

26. Fundargerð 184. fundar skipulagsnefndar frá 25. september s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 184. fundar skipulagsnefndar frá 25. september og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. september.

Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr.20: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. september s.l.

27. Stjórn UTU bs.: Fundargerð 65. fundar stjórnar frá 8. maí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 65. fundar stjórnar UTU bs. Þar var fjallað um starfsmannamál. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

28. Stjórn UTU bs.: Fundargerð 66. fundar stjórnar frá 12. júní s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 66. fundar stjórnar UTU bs. Þar var fjallað um ársreikning embættisins fyrir árið 2018, rekstur og önnur mál. Sveitarstjórn staðfestir ársreikning fyrir árið 2018 og fundargerðina að öðru leyti.

29. Stjórn UTU bs.: Fundargerð 67. fundar stjórnar frá 10. júlí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 67. fundar stjórnar UTU bs. Þar var fjallað um starfsmannamál. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

30. Oddvitanefnd Laugaráslæknishéraðs: Fundargerð oddvita frá 11. september s.l.

Oddviti kynnti fundargerð oddvitanefndar Laugaráslæknishéraðs. Þar var samþykkt styrkbeiðni vegna söguskilta við Laugarás og lögð fram tillaga um að vinna að atvinnumálastefnu uppsveitanna með sveitarfélögum í Uppsveitum. Sveitarstjórn tekur jákvætt í að unnin verði sameiginleg atvinnustefna fyrir sveitarfélögin í Uppsveitum og vísar málinu til atvinnu-, ferða- og menningarnefndar.

Önnur mál.

31. Fundargerð NOS frá 8. október s.l.

Oddviti kynnti fundargerð NOS frá 8. október s.l. Þar gaf forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings skýrslu um stöðuna hjá þjónustunni. Þá var lögð fram tillaga Árborgar um ráðningu verkefnisstjóra til Bergrisans. Lagðar voru fram tillaga að fjárhagsáætlun fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings fyrir árið 2020 og samþykkt að kaupa bíl fyrir forstöðumann. Ákveðið var að halda aðalfund NOS þann 23. október n.k. í Þingborg. Sveitarstjórn samþykkir að ráðinn verði verkefnisstjóri vegna Bergrisans og tekur undir með stjórn að eðlilegra sé að hann heyri beint undir Bergrisann og samþykkir fundargerðina að öðru leyti.

32. Aðalfundur Bergrisans bs.

Sveitarstjórn samþykkir að eftirtaldir verði fulltrúar hennar á aðalfundi Bergrisans bs. þann 23. október n.k. Halldóra Hjörleifsdóttir, Kolbrún Haraldsdóttir og Bjarney Vignisdóttir. Til vara Sigurður Sigurjónsson og Jón Bjarnason.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 199. fundar frá 25. september s.l.

Lagt fram til kynningar.

b. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 284. fundar stjórnar frá 4. september s.l.

Lagt fram til kynningar.

c. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings: Fundargerð 33. fundar frá 25. september s.l.

Lagt fram til kynningar.

d. Byggðarsafn Árnesinga: Fundargerð 10. fundar stjórnar frá 3. september s.l.

Lagt fram til kynningar.

e. Byggðarsafn Árnesinga: Fundargerð 11. fundar stjórnar frá 26. september s.l.

Lagt fram til kynningar.

f. Byggðarsafn Árnesinga: Fundargerð 4 fundar byggingarnefndar frá 3. september s.l.

Lagt fram til kynningar.

g. Tónlistarskóli Árnesinga: Fundargerð 193. fundar stjórnar frá 20. september s.l.

Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

h. Brunavarnir Árnesinga: Viðauki við lánasamning.

Lagt fram til kynningar.

i. Samband íslenskra sveitarfélaga: Leiðbeinandi álit um tvöfalda skólavist barna.

Lagt fram til kynningar.

j. Samband íslenskra sveitarfélaga: Hvatning til sveitarstjórna í tengslum við skólaping sveitarfélaga 2019. Spurningar til ungmennaráða.

Lagt fram til kynningar.

k. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 873. fundar stjórnar frá 30. ágúst s.l.

Lagt fram til kynningar.

l. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 874. fundar stjórnar frá 27. september s.l.

Lagt fram til kynningar.

m. Fundur með þingmönnum Suðurlands: Áherslupunktur.

Lagt fram til kynningar.

n. Brunabótafélag Íslands: Fundargerð 17. Aðalfundar fulltrúaráðs frá 20. september s.l.

Lagt fram til kynningar.

o. Tré lífsins.

Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

p. Skólaþing 4 nóvember n.k.

Lagt fram til kynningar.

q. Aðalfundur NOS 23. október n.k.

Lagt fram til kynningar.

r. Aðalfundur Bergrisans 23. október n.k.

Lagt fram til kynningar.

Skýrslur:

s. Ársskýrsla Heilbrigðisstofnunar Suðurlands 2018.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17.35.